

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Miðtónfræði M2 - númer

Vorönn 2024

Kennari: Ívar Aðalsteinsson

Forkröfur: M1

Hæfniþrep

Einingafjöldi:

Áfangalýsing:

Mikið af náminu fer í að festa í sessi þá þekkingu sem nemandinn hefur aflað sér og treysta þann grunn sem námið veitir nemendanum sem tónlistariðkanda. Sú þjálfun og endurtekning sem fylgir tónheyrnarnámi er drjúgur hluti námsins og hlustun, greining og saga taka mikið rúm. Við hlustunina heyrnargreina nemendur, eftir því sem beðið er um, form, vef, stíl, hljóðfæri sem hljóma, samspilshóp eða hljómsveit og fleira. Tónheyrnin felst í að greina öll tónbil innan áttundar eftir heyrn, uppriti á 4-6 takta díatónískri laglínú eftir heyrn, söng á nokkurra takta laglínú eftir nótum og munnlegri endurtekningu á svipaðri melódíu eftir heyrn. Þessi laglínudæmi eru í einf. takti þar sem punkterað eða tvídeilt slag getur komið fyrir, ellegar í 6/8 með allt að þrídeildu slagi. Hvað rytmann varðar þarf neminn að geta ritáð upp rytmá úr nokkurra takta laglínú eftir heyrn, hrynesið álíka langt en heldur margbrotnara hryndæmi á nótum og endurtekið munnlega hrynmynstrið í laglínú af sambærilegri lengd. Hryndæmin eru líka í einf. eða 6/8 takti en rytminn flóknari en í laglínudæmunum. Niðurskrift á dúrum og mollum fastur punktur í þessu námi sem og kirkjutóntegundum, pentatón- og heiltóna-tónstigum. Þá þarf nemandinn að geta tónflutt laglínur og greint aðalendi, aðalþríhljóma, taktvísá og hryn í gefnum dæmum og skilja uppbyggingu raddskráa samspilshópa.

Að loknum þessum áfanga taka nemendur miðpróf í tónfræðagreinum.

Námsmarkmið:

Þekking:

Nemandi hafi haldgóða þekkingu á því hvernig dúrar og mollar kirkjutóntegundir, pentatón- og heiltóna-tónstigar og aðalþríhljóma eru skráðir og greindir. Hann þekki einnig vel til aðalendis og greiningar aðalþríhljóma í hljómferli, sé vel klár á því hvað tónflutningur er og hvaða ritreglur gilda um hann í nótnaskrift. Hann þekki öll ítölsk tónlistarorð sem nýtast við almenna tónlistariðkun. Ennfremur þekki hann einkenni: Raddgerða, hljóðfærablæs flestra almennra hljóðfæra (og lykla sem þau eru skráð í), algengra forma, vefs og helstu stílategunda sem heyrast í dag. Hann átti sig vel á hvernig hann þjálfar sig í tónheyrninni sem hann stundar og geri sér líka vel grein fyrir hvernig hún styrkir hann í tónfræði og öfugt.

Leikni:

Nemandi skal hafa góða færni í greina öll tónbil innan áttundar eftir heyrn og skrá þau á nótnastreng. Ennfremur í að syngja, endurtaka eftir heyrn eða upprita ca. 4-6 takta laglínú í dúr eða moll í einföldum takti þar sem punkterað eða tvídeilt slag getur komið fyrir, eða þá í 6/8 með allt að þrídeildu slagi. Hann þarf að hafa öðlast lipurð í að endurtaka eftir heyrn og upprita, hrynni úr nokkurra takta melódíu þar sem slag eða hálfslag gæti verið punkterað eða synkóperað, slag tví/fjórdeilt eða þá sexdeilt í samsettum takti. Og jafnframt í að lesa samsvarandi hrynn beint af blaði. Hann þarf að hafa öðlast færni í að formgreina tóndæmi og staðsetja þau í stílategundir, greina gerð tónvefs, tengja viðeigandi ítölsk orð við tónferli, og að þekkja tón sem flestra raddgerða, hljóðfæra og hljóðfærahópa í almennri notkun. Og skrifa rétt upp og greina eftir heyrn allar gerðir dúra og molla, kirkjutóntegundir, pentatón- og heiltóna-tónstiga. Auk þess hafa öðlast færni í að skrifa upp aðalþríhljóma og greina þá á blaði, geta tónflutt lög með réttum skrifmáta, og heyrnargreint og skráð aðalendi.

Hæfni:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að geta sinnt tónlistariðkun þar sem sú þekking og leikni sem upp er talin hér að ofan nýtist honum. Hér átt við sem flestar tegundir tónlistar þar sem ekki er

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

einblínt á eina tegund tónlistar í náminu. Að loknum áfanganum telst hann líka nú hæfur og í rauninni vel undirbúinn til að hefja nám í hljómfraði.

Námsgögn:

Nótnaskrifbækur, vinnublöð sem nemandi fær í tínum

Námsmatsþáttur	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Tónfræðileg þekkingaratriði		30%
Hlustun greining og saga		30%
Skrifleg tónheyrn		20%
Munnleg tónheyrn		20%

Námsáætlun:

Vikur	Viðfangsefni	Verkefni
1. vika (3. – 5. jan 2024)	Rifjaðir upp þeir tónstigar sem nemendur þurfa að hafa á valdi sínu í þessum áfanga og ritreglur við að skrifa þá niður. Sönglestur og hrynestur.	
2. vika (8. – 12. jan. 2024)	Tónbilagreining bæði á blaði og eftir heyrn stúderuð. Farið vel í það hvernig má átta sig á því hvort nótnadæmi á blaði er í dúr eða moll eða kirkjutótegund. Lag- og hryndiktat.	
3. vika (15. – 19. jan 2024)	Endurlit á mismunandi lykla, áttundaheiði og nótur á aukalínum. Tónflutningur skoðaður og æfður. Rifjuð upp einkenni stílskeiða og verkefni unnin þar að lútandi. Sönglestur og unnið með laghryn endurtekinn eftir heyrn.	
4. vika (22. – 26. jan 2024)	Þríhljómar skoðaðir og reynt að festa vel í sessi hvernig þeir myndast úr þríundum. Aðalþríhljómar kannaðir og greindir í hljómferli. Aðalendir sömuleiðis. Einnig farið vel í söng laga í molltótegund.	
5. vika (29. jan – 2. feb 2024)	Farið í laghendingar og hvernig þær raðast upp og verða að lagi. Verkefni með hendingabogum unnin. Endurlit á ýmis lagform. Raddskrár sampsilshópa og skipulag þeirra skoðað. Æfingar þar sem nemendur endurtaka laglínu og laghryn eftir heyrn. Tónbil greind eftir heyrn og niðurskrift laglínu eftir heyrn æfð.	
6. vika (5. – 9. feb 2024)	Almenn einkenni og tilurð þjóðlagatónlistar skoðuð einkum þeirrar íslensku. Einnig jasstónlistar í örstuttu máli. Söng- og rytmaþjálfun.	
7. vika (12. – 16. feb 2024)	Litið yfir allra helstu stílategundir dægurtónlistarsögunnar. Tóndæmi leikin og rakin til þeirra. Tónstigar ritaðir upp og tónbil greind á blaði og eftir heyrn. Söng- og hrynestur og diktat.	

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

8. vika (19. – 23. feb 2024)	Sýnispróf skoðað og unnið	
9. vika (26. feb.– 1. mars 2024)	Farið yfir helstu stílskeið tónlistarsögunnar, einkenni þeirra og helstu tónskáld. Algengustu form skoðuð. Nemendur æfðir í að þekkja tónblæ mismunandi radda, hljóðfæra og hljóðfærähópa. Söng- og hrynestur þjálfaður og niðurskrif laglínu og takts eftir heyrn.	
10. vika 4. – 8. mars 2024)	Endurlit á ítölsk orð og meiningu þeirra. Farið í greiningu á takti bæði á blaði og eftir heyrn. Rætt um hvernig semja má sannfærandi hryndæmi. Hljómferli með aðalþríhljónum skoðuð. Laglínur á blaði kannaðar með tilliti til tóngundar.	
11. vika (11. – 15. mars 2024)	Annað sýnispróf skoðað og unnið. Farið yfir og rifjuð upp öll helsu aðalatriðin fyrir próf	
12. vika (18. – 22. mars 2024)	Samræmt miðpróf í tónfræðagreinum - skriflegt	Próf
13. vika (25. – 29 mars. 2024)	Páskafrí	
14. vika (2. – 5. apríl 2024)	Munnleg tónheyrn þjálfuð. Laglína og hryndæmi lesin af blaði og laglína og laghrynnur endurtekinn eftir heyrn.	
15. vika (8. – 12. apríl 2024)	Munnleg tónheyrn þjálfuð. Laglína og hryndæmi lesin af blaði og laglína og laghrynnur endurtekinn eftir heyrn.	
16. vika (15. – 19. apríl 2024)	Munnleg tónheyrn þjálfuð. Laglína og hryndæmi lesin af blaði og laglína og laghrynnur endurtekinn eftir heyrn.	
18. vika (22. – 26. apríl 2024)	Munnleg tónheyrn þjálfuð. Laglína og hryndæmi lesin af blaði og laglína og laghrynnur endurtekinn eftir heyrn.	
19. vika (29. apríl – 3. maí 2024)	Próf í munnlegum tónheyrnarhluta samræmds miðprófs	Próf